flugan



Sigríður Klingenberg og Sigrún Klingenberg



Halla Jóhannesdóttir og Guðný Elíasdóttir



» Í tilefni af opnun nýrrar verslunar, b-young, í Hafnarfirði var boðið upp á ýmis skemmtiatriði.

Brynjar Úlfur, Brynja Gunarsdóttir og Kristján Sævarsson



Margrét Rós Einarsdóttir og Inger Rós Ólafsdóttir



Hrefna Ósk Ben og Rósa Guðbjartsdóttir



Eva Dís Þórðardóttir og Guðbjörg Hjálmarsdóttir



Jóhanna Gunnarsdóttir og Steinunn Valdís Óskarsdóttir



Nína Magnúsdóttir, Úa Magnúsdóttir og Andrea Maack



Unnur Ósk Ármannsdóttir, Arna Sæmundsdóttir, Jónína Magnúsdóttir og Auður Ólafsdóttir

» Sýningin Bandarísk list á þriðja árþúsundinu var opnuð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu.

„Betriborgarbaráttumenn og Glitnisregnhlíf“



… listamaðurinn var listavel klæddur í ljósum fötum og á glænýjum skóm …

Flugan er kaffihúsafíkill og sinnir gjarnan þeirri nautn sinni snemma á morgnana eins og aðrir borgarbúar sem undirbúa vinnudaginn með einum stórum latte og blaðalestri. Það gerði rithöfundurinn **Hallgrímur Helgason** í vikunni, mættur með hattinn og hvöss þjóðfélagsrýniaugun á **Segafredo** á **Lækjartorgi**. **Hallgrímur** var reyndar líka bæði gestur og ræðumaður á **NASA** á föstudagskvöldið þegar bróðir hans í pólitíkinni, alþingismaðurinn **Helgi Hjörvar**, hélt boð í tilefni af prófkjöri Samfylkingarinnar. Þegar Fluga kom í hús voru **Ellen Kristjánsdóttir** og **Eyþór Gunnarsson** að „performera“ fyrir viðstadda eins og **Dag B. Eggertsson** „betriborgarbaráttumann“ og **Jóhönnu Sigurðardóttur** alþingismann sem var í félagsskap vinkonu sinnar **Önnu Agnarsdóttur** framkvæmdakonu. Þrátt fyrir monsúnrigningu á laugardaginn var múgur og margmenni í bænum auk þess sem hundar trítluðu stoltir í skrúðgöngu niður **Laugaveginn**, flestir í flottari regnfatnaði en tvífættir, og rauð regnhlíf rækilega merkt **Glitni** hélt verndarhendi yfir hárgreiðslu ótískuþenkjandi frúar í göngunni. Skaust hundblaut inn í **Fríðu frænku** á **Vesturgötunni** í leit að öðruvísi gjöf og sló í gegn í veislu um kvöldið með mjólkurkönnu úr mávastellinu og klunnalegan borðkveikjara úr ónix. Var reyndar næstum fallin fyrir gömlum vindlakassa stútfullum af snjáðum biblíumyndum. Greinilegt að hvorki markaðssetningin né dreifikerfið í sunnudagaskólanum hefur verið öflugt. Að öllu jöfnu er Flugu meinilla við ketti en „second hand“ fatabúllan **Gyllti kötturinn** í **Austurstræti** er alltaf malandi og vinaleg og því var kíkt í eins árs afmæli glamúrkisunnar á laugardaginn þar sem konur á öllum aldri voru æstar að skoða pelsa og glitrandi jólakjóla, sumar hverjar hvæsandi og klórandi.

Myndlistarmaðurinn **Georg Guðni** opnaði sýningu með sérstæðum landslagsmálverkum sínum í **Gallery Turpentine** í **Ingólfsstræti** á föstudaginn og tók vel á móti listunnendum eins og borgarbarninu **Hans Kristjáni Árnassyni** og **Sævari Karli** og frú hans, **Erlu Þórarinsdóttur**, en hún hafði orð á að skrýtið væri að engin gestabók væri á svæðinu. En það vantaði sko ekki gestabókina daginn eftir í **Galleríi Sævars Karls** í **Bankastræti** þegar rithöfundurinn **Þráinn Bertelsson** bauð alla frambjóðendur (og annað fólk) velkomna á málverkasýningu sína. Listamaðurinn var listavel klæddur í ljósum fötum og á glænýjum skóm, líklega hefur Sævar sjálfur tekið að sér stílistahlutverkið. **Árni Bergmann** fræðimaður og **Jónas Kristjánsson**, fyrrverandi ritstjóri, poppuðu inn ásamt mýgrút af öðrum áhugasömum sem heiðruðu hinn fjölhæfa meistara; sköpunarÞráin … | flugan@mbl.is



Hulda Stefánsdóttir og Katrín Sigurðardóttir



Herdís Þorvaldsdóttir og Árni Blandon



Morgunblaðið/Eggert

Hafþór Ingvarsson, Gunnar B. Kvaran, Ólafur Kvaran, Daniel Birnbaum og Hans Ulrich Obrist



Sigrún Davíðsdóttir og Sverrir Guðjónsson



Hlaðgerður Íris Björnsdóttir og Aron Reyr

Myrkrið


BÆKUR

Ljóðabók

VÉLGÖLTURINN

Eftir Bjarna Bernharð. Deus 2006. 69 bls.

STUNDUM er engu líkara en skuggar fari á leik í ljóðabókum skálda. Þau eru stödd í myrkraveröld sem engin leið virðist út úr. Svo er með ljóðabókina *Vélgöltinn* eftir Bjarna Bernharð. Þar segir frá sturluðum hjörtum, óláni og leið sem vörðuð er fíkn, geðveiki



Bjarni Bernharður.

og gjörðum sem erfitt er að fyrirgefa. Þetta er bók sem lýsir mannlegri rúst sem þó stendur. Eitt kvæði heitir *Myrkur* og túlkar vonleysi og kulda einsemdar og annað nefnist *Lostið tré*:

> Mannlífið er einsog tré sem elding hefur lostið. Klofið niður í miðjan bol en stendur þrátt fyrir það keikt. En ræturnar munu fúna.

Þessi ljóðabók er einhvers konar tilraun til uppgjörs. Ljóðsegjandi fremur óafturkræfan glæp, morð, sem hvílir þungt á sinni hans. Aftur og aftur fer hann yfir atburðarásina og reynir að skilja hvers vegna hann framdi þessa ódáð. Í spilunum er engin fyrirgefning eða syndaaflausn, einungis sá veruleiki fíknar, óláns og tilvistarlegrar nauðar sem leiddi hann þessa leið.

> Margoft hefur hann reynt að endurlifa þessi augnablik atburðanna og gera sér grein fyrir hvað knúði hann til ódæðisins. En alltaf gripið í tómt. Stundin þar á eftir er honum þó ljós. Hann var óttasleginn sakir þess að hann hafði framið verknað sem var óafturkræfur. Hann leitaði í vitfirringunni eftir röksemdum fyrir glæpnum. Í huga hans hlóðust upp ýmsar tengingar sem réttlætt gátu gerræðið. Síðan dofnaði hann upp. Gekk síðan útí nóttina og fann fyrir vélrænum takti í hreyfingum líkama síns.

Annað mikilvægt meginstef bókarinnar snýr að tilveru ljóðsegjandans sem utangarðsskálds. Stór hluti verksins er smásaga um þorpsbúa sem fer aðra leið en aðrir íbúar þess og er hrakinn að heiman, hrakinn úr samfélagi manna. Skáldinu er umhugað um að lífsreynsla sín sem fíkniefnaneytandi skipti þrátt fyrir allt máli fyrir skáldskap hans. Hann sé kannski ekki skáld vegna hennar en hún hafi kveikt með honum listrænan þankagang.

Öll lífsreynsla skiptir að sönnu máli. En hún tryggir ekki góðan skáldskap. Það gerir starfi skáldsins. Bjarni Bernharður er óvenju einlægt skáld. Honum tekst best upp þegar hann starfar að myndbyggingu og segir sögur. Síðri finnst mér þau verk hans þar sem hann rökræðir við lesandann. Myrkrið í gluggalausu húsi er heldur ekki besti efniviður sem völ er á og manni finnst eins og það væri höfundinum gott að koma sér út úr myrkrinu í von um að finna einhverja ljósbera til að lýsa upp veginn framundan. Skáldin skrifa einfaldlega betur við ljós en í myrkri.

Skafti Þ. Halldórsson